

# Bandaríkin

## SAMNINGUR MILLI LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG BANDARÍKJA AMERÍKU TIL AÐ KOMAST HJÁ TVÍSKÖTTUN OG KOMA Í VEG FYRIR UNÐANSKOT FRÁ SKATTLAGNINGU Á TEKJUR OG EIGNIR

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku; sem eru ásáttar um að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir; hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

### 1. gr. SKATTAR, SEM SAMNINGURINN TEKUR TIL.

1. Skattar þeir, sem samningur þessi tekur til, eru þessir:

- Að því er Ísland varðar, tekjuskattur til ríkisins, eignarskattur til ríkisins og tekjuútsvar til sveitarfélaga, hér eftir nefndir "Íslenskur skattur",
- Að því er Bandaríkin varðar, alríkistekjuskattar, sem á eru lagðir samkvæmt lögum Bandaríkjanna um tekjuskatt (Internal Revenue Code), hér eftir nefndur "bandarískur skattur".

2. Samningur þessi skal einnig taka til skatta, sem eru í meginatriðum hliðstæðir þeim sköttum, er um ræðir í 1) tl., sem eru lagðir á eftir undirskrift samnings þessa til vöbótar eða í stað þeirra skatta, er þá voru í gildi.

3. Að því er varðar ákvæði 7. gr. (Jafnrétti) skal samningur þessi einnig taka til hvers konar skatta, sem á eru lagðir af aðildarríkjunum, fylkjum, opinberum stofnunum eða sveitarstjórnnum. Að því er varðar ákvæði 29. gr. (Skipti á upplýsingum) skal samningur þessi einnig taka til hvers konar skatta, sem á eru lagðir af aðildarríkjunum.

### 2. gr. ALMENNAR SKILGREININGAR.

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:

- i) "Ísland" merkir Lýðveldið Ísland; og
- ii) Þegar hugtakið "Ísland" er notað í landfræðilegum skilningi, nær það til A) landhelgi þess og B) hafsbotsins og jarðlaga undir honum á þeim hafsbotnssvæðum, sem liggja að ströndum þess, en utan landhelgi, þar sem Ísland beitir yfirráðarétti sínum samkvæmt alþjóðalögum að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu náttúruauðæfa slíkra svæða, en aðeins að því marki, sem aðili, eign eða starfsemi, er samningur þessi tekur til, er tengdur slíkri rannsókn eða hagnýtingu.
- b) i) "Bandaríkin" merkir Bandaríki Ameríku; og
- ii) Þegar hugtakið "Bandaríkin" er notað í landfræðilegum skilningi merkir það fylki þeirra og héraðið Columbia (District of Columbia). Hugtakið nær einnig til A) landhelgi þeirra og B) hafsbotsins og jarðlaga undir honum á þeim hafsbotnssvæðum, sem liggja að ströndum þeirra, en utan landhelgi, þar sem Bandaríkin beita yfirráðarétti sínum samkvæmt alþjóðalögum, að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu náttúruauðæfa slíkra svæða, en aðeins að því marki, sem aðili, eign eða starfsemi, sem samningur þessi tekur til, er tengdur slíkri rannsókn eða hagnýtingu.
- c) "Annað aðildarríkanna" og "hitt aðildarríkið" merkir Ísland eða Bandaríkin, eftir því sem efnið gefur til kynna.
- d) "Aðili" merkir mann, sameignarfélag, félag, bú, fjárvörslufélag (trust) eða hvers konar önnur samtök aðila.
- e) i) "Bandarískt félag" eða "félag í Bandaríkjunum" merkir félag, sem er myndað eða stofnað samkvæmt lögum Bandaríkjanna, einhvers fylkis þeirra eða héraðsins Columbia, eða sérhverja

stofnun, sem með er farið sem félag í Bandaríkjunum, að því er varðar bandaríska skatta; og  
ii) "Íslenskt félag" eða "félag á Íslandi" merkir félag eða sérhverja aðra stofnun, sem með er farið sem lögaðila, að því er skatta varðar, sam-kvæmt lögum á Íslandi og er myndað eða stofnað samkvæmt íslensk-um lögum.

f) "Bær stjórnvöld" merkja:

i) Að því er Ísland varðar, fjármálaráðherrann eða umboðsmann hans, og

ii) Að því er Bandaríkin varðar, fjármálaráðherrann (the Secretary of the Treasury) eða umboðsmann hans.

g) "Ríki" merkir Ísland, Bandaríkin eða sérhvert annað ríki.

h) "Alþjóðlegir flutningar" merkja sérhverja ferð skips eða loftfars, sem rekið er af aðila, heimilisföstum í öðru aðildarríkinu, nema slík ferð sé eingöngu bundin við staði innan aðildarríkis.

2. Sérhvert annað hugtak, sem notað er í samningi þessum og ekki er skilgreint þar, skal, nema annað leiði af efninu, hafa þá merkingu, sem það hefur í lögum þess aðildarríkis, sem skatt ákvarðar. Þrátt fyrir það, sem að framan segir, geta bær stjórnvöld í aðildarríkjunum myndað sameiginlega merkingu hugtaks við beitingu ákvæða samnings þessa til þess að koma í veg fyrir tvísköttun, eða til að stuðla að beitingu ákvæða samnings þessara á annan hátt, ef merking slíks hugtaks samkvæmt löggjöf annars aðildarríkisins er önnur er merking hugtaksins samkvæmt löggjöf hins aðildarríkisins, eða ef merking slíks hugtaks er ekki augljós samkvæmt löggjöf annars hvors aðildarríkisins.

### 3. gr.

#### HEIMILISFESTI, AÐ ÞVÍ ER SKATTSKYLDU VARÐAR.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið:

a) "Aðili, heimilisfastur á Íslandi":

i) Íslenskt félag og

ii) Sérhvern aðila (að undanteknu félagi eða sérhverri stofnun, sem samkvæmt íslenskum lögum er farið með sem félag), heimilisfastan á Íslandi, með tilliti til skattskyldu hans, en að því er varðar sameignarfélag, bú eða fjárvörslufélag, aðeins að því marki, sem tekjur slíks aðila eru skattskyldar á Íslandi sem tekjur heimilisfasts aðila.

b) "Aðili, heimilisfastur í Bandaríkjunum":

i) Bandarískt félag og

ii) Sérhvern aðila (að undanskildu félagi eða sérhverri stofnun, sem farið er með sem félag, að því er varðar bandaríska skatta), heimilisfastan í Bandaríkjunum, með tilliti til skattskyldu hans, en að því er varðar sameignarfélag, bú eða fjárvörslufélag, aðeins að því marki, sem tekjur slíks aðila eru skattskyldar í Bandaríkjunum sem tekjur heimilisfasts aðila.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 1. tl., gilda eftirfarandi ákvæði.

a) Hann skal teljast heimilisfastur í því aðildarríki, þar sem hann hefur fast heimili.

b) Ef hann hefur fast heimili í báðum aðildarríkjunum eða í hvorugu aðildarríkjanna, skal hann teljast heimilisfastur í því aðildarríki, sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna).

c) Ef ekki er hægt að ákvarða í hvoru aðildarríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, telst hann heimilisfastur í því aðildarríki, þar sem hann dvelst að jafnaði.

d) Ef hann dvelst að jafnaði í báðum aðildarríkjunum eða í hvorugu aðildarríkjanna, skal hann teljast heimilisfastur í því aðildarríki, þar sem hann á ríkisfang; og

e) Ef hann á ríkisfang í báðum eða hvorugu aðildarríkjanna, skulu bær stjórnvöld í aðildarríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

Þegar rætt er um fast heimili í þessum tölulið, er átt við þann stað, þar sem maður dvelur ásamt fjölskyldu sinni.

3. Maður, sem telst heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, en ekki heimilisfastur í hinu aðildarríkinu samkvæmt ákvæðum 2. tl., skal einungis teljast heimilisfastur í fyrrnefnda aðildarríkinu, að því er varðar samning þennan, þar með talin ákvæði 4. gr. (Almennar reglur um skattlagningu).

### 4. gr.

#### ALMENNAR REGLUR UM SKATTLAGNINGU.

1. Aðila, heimilisfastan í öðru aðildarríkinu, má skattleggja í hinu aðildarríkinu af sérhverjum tekjum, sem eiga uppruna sinn í síðarnefnda aðildarríkinu, og aðeins af slíkum tekjum, þó með þeim takmörkunum, sem í samningi þessum greinir. Reglum 6. gr. (Uppruni tekna) skal beitt við ákvörðun á uppruna teknanna.
2. Ákvæði samnings þessa skal ekki túlka þannig, að þau takmarki á nokkurn hátt skattfrelsi, undanþágur, frádrátt, skattlækkunar eða aðrar ívilnanir, sem nú eða síðar verða leyfðar:
  - a) Með lögum annars aðildarríkisins við ákvörðun skatta, sem á eru lagðir af því aðildarríki, eða
  - b) Með sérhverju öðru samkomulagi milli aðildarríkjanna.
3. Þrátt fyrir sérhvert ákvæði samnings þessa, þó að undanskildum 4. tl., getur aðildarríki lagt skatt á ríkisborgara sinn eða aðila, heimilisfastan í því aðildarríki, eins og samningur þessi hefur ekki tekið gildi.
4. Ákvæði 3. tl. skulu ekki hafa áhrif á:
  - a) Hagsbætur veittar af aðildarríki samkvæmt 5. gr. (Lausn undan tvísköttun), 7. gr. (Jafnrétti), 25. gr. (Greiðslur almannatrygginga), 26. gr. (Opinberir starfsmenn við sendiráð og ræðismannsskrifstofur), 28. gr. (Framkvæmd gagnkvæms samkomulags); og
  - b) Hagsbætur veittar af aðildarríki samkvæmt 21. gr. (Kennarar), 22. gr. (Námsmenn og nemar) og 23. gr. (Opinbert starf) mönnum, sem hvorki eru ríkisborgarar né hafa innflytjendarétt í því aðildarríki.
5. Þrátt fyrir ákvæði samnings þessa, mega Bandaríkin leggja skatt á persónu-leg hlutaeignarfélag (personal holding company tax) og ágóðasafnsskatt (ac-cumulated earnings tax). Eigi að síður, skal íslenskt félag vera undanþegið skatti á persónuleg eignafélög í Bandaríkjunum sérhvert skattár, sem allt hlutféð er beint eða óbeint eign eins eða fleiri manna, sem eru heimilisfastir á Íslandi (og ekki eru ríkisborgarar Bandaríkjanna) allt það ár. Íslenskt félag skal vera undanþegið ágóðasafnsskatti í Bandaríkjunum sérhvert skattár, nema slíkt félag reki verslun eða viðskipti í Bandaríkjunum frá fastrí atvinnustöð þar, einhvern tíma þess árs.
6. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta hvor um sig sett þær reglur, sem nauðsynlegar eru, til að framfylgja ákvæðum samningsins.

#### 5. gr.

#### *LAUSN UNÐAN TVÍSKÖTTUN.*

Komist skal hjá tvísköttun tekna á eftirfarandi hátt:

1. Í samræmi við ákvæði laga Bandaríkjanna og takmarkana samkvæmt þeim (eins og þeim kann að verða breytt á hverjum tíma, án þess að grundvallarreglum sé breytt), skulu Bandaríkin heimila ríkisborgara eða aðila, heimilisföstum í Bandaríkjunum, sem frádrátt frá sköttum í Bandaríkjunum fjárhæð, sem samsvarar íslenskum sköttum, og sé um að ræða félag í Bandaríkjunum, sem á að minnsta kosti 10% af atkvæðamagni íslensks félags og fær frá því ágóðahluta á einhverju skattári, skal leyfa frádrátt, sem samsvarar þeirri fjárhæð íslenskra skatta, sem greiddir eru af íslenska félaginu, er ágóðahlutina greiðir, af hagnaði þeim, sem ágóðahlutinn er greiddur af. Slík samsvarandi fjárhæð skal byggð á fjárhæð skatta, greiddra á Íslandi, en frádrátturinn má ekki fara fram úr þeim takmörkunum (settum til takmörkunar frádráttar á bandarískum sköttum af tekjum, sem eiga uppruna sinn á Íslandi, eða af tekjum, sem eiga uppruna sinn utan Bandaríkjanna), sem ákveðnar eru í lögum Bandaríkjanna fyrir skattárið. Við ákvörðun á frádrætti í Bandaríkjunum vegna skatta, greiddra á Íslandi, skulu reglur þær, sem fram koma í 6. gr. (Uppruni tekna), notaðar til að ákvarða, hvar sé uppruni teknanna. Til þess að ákvarða frádrátt í Bandaríkjunum vegna skatta, greiddra á Íslandi, skulu skattar þeir, sem um er rætt í 1. gr. a) (Skattar, sem samningurinn tekur til), aðrir en eignarskattur til ríkisins, taldir tekjuskattar.
2. Að því er varðar tekjur, sem eiga uppruna sinn í Bandaríkjunum, skal lausn undan tvísköttun á Íslandi tryggð á eftirfarandi hátt:
  - a) Þegar aðili, heimilisfastur á Íslandi, fær tekjur eða á eignir, sem samkvæmt ákvæðum samnings þessa má skattleggja í Bandaríkjunum eða má skattleggja í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 16. gr. (Ágóði af eignum), 18. gr. (Sjálfstæð starfsemi) eða 19. gr. (Launuð störf) eða er undanþeginn skatti í Bandaríkjunum samkvæmt 21. gr. (Kennarar) eða 22. gr. (Námsmenn og nemar), skal Ísland, ef það brýtur ekki í bága við b) lið þessa töluliðar, undanþiggja þessar tekjur eða eignir skattlagningu, en má, þegar reiknaður er skattur af öðrum tekjum eða eignum þessa aðila, nota þann skattstiga, sem notaður hefur verið, ef undanþegnu tekjurnar eða eignirnar hefðu ekki verið þannig undanþegnar.

b) Í öðrum tilvikum en þeim, er um ræðir í a) lið, skal Ísland, þegar aðili, heimilisfastur á Íslandi, hefur tekjur, sem samkvæmt ákvæðum samnings þessa má skattleggja í báðum aðildarríkjunum, leyfa sem frádrátt frá skatti af tekjum þessa aðila fjárhæð jafna skatti þeim, sem greiddur er í Bandaríkjunum. Slíkur frádráttur skal þó ekki nema hærri fjárhæð en þeim hluta íslenska skattsins, reiknaðs áður en frádráttur er gerður, sem svarar til þeirra tekna, sem uppruna sinn áttu í Bandaríkjunum samkvæmt skilgreiningu 6. gr. (Uppruni tekna).

6. gr.  
*UPPRUNI TEKNA.*

Í samningi þessum gildir eftirfarandi:

1. Ágóðahluti skal því aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að þeir séu greiddir af félagi í því aðildarríki.
2. Vexti skal því aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að þeir séu greiddir af því aðildarríki, opinberri stofnun eða sveitarfélagi þess eða af aðila, heimilisföstum í því aðildarríki. Þrátt fyrir þetta ákvæði skal talið, að vextirnir hafi uppruna sinn í því ríki, þar sem fasta atvinnustöðin er:
  - a) Ef aðili, sem greiðir vextina (hvort sem sá aðili er heimilisfastur í öðru aðildarríkinu eða ekki), hefur fasta atvinnustöð í öðru aðildarríkinu og til skuldakröfunnar, sem vextirnir eru greiddir af, var stofnað vegna hinnar föstu atvinnustöðvar og vextirnir eru greiðslubyrði hennar, eða
  - b) Ef aðili, sem greiðir vextina, er heimilisfastur í öðru aðildarríkinu og hefur fasta atvinnustöð í ríki, öðru heldur en aðildarríki, og til skuldakröfunnar, sem vextir eru greiddir af, var stofnað vegna hinnar föstu atvinnustöðvar og vextirnir eru greiddir til aðila, heimilisfasts í hinu aðildarríkinu, og eru greiðslubyrði hinnar föstu atvinnustöðvar.
3. Þóknanir, sem um er rætt í 2. tl. 14. gr. (Þóknanir), fyrir notkun á eða rétt til að nota eignir eða réttindi, sem um er rætt í þeim tölulið, skal aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að því marki, sem þóknanir þessar eru fyrir notkun á eða rétt til að nota eignir eða réttindi þessi í því aðildarríki.
4. Tekjur af fasteignum og þóknanir fyrir hagnýtingu náma, grjótnáma eða annarra náttúruauðæfa (þar með talinn hagnaður af sölu eigna eða réttinda þeirra, sem þóknanirnar stafa frá) skal því aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að eignin sé í því aðildarríki.
5. Tekjur af lausafjárleigu skal því aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að eignirnar séu í því aðildarríki.
6. Tekjur, sem maður fær vegna vinnu sinnar eða starfa, hvort heldur sem launþegi eða vegna sjálfstæðs starfs, skal með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, aðeins að því marki, sem starfið er leyst af hendi í því aðildarríki. Tekjur af starfi, sem innt er af hendi um borð í skipi eða loftfari, sem er rekið af aðila, heimilisföstum í öðru aðildarríkinu, í alþjóðlegum flutningum eða við fiskveiðar á úthöfunum, skal með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í því aðildarríki, ef starfið er innt af hendi af manni, sem tilheyrir hinni föstu áhöfn skips eða lofffars. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessa töluliðar, skulu greiðslur þær, sem lýst er í 23. gr. (Opinbert starf) og 25. gr. (Greiðslur almannatrygginga), því aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að þær séu greiddar af eða úr opinberum sjóðum þess aðildarríkis eða opinberri stofnun eða sveitarstjórn þess.
7. Tekjur af kaupum og sölu á efnisbundnu eða óefnisbundnu lausafé (aðrar en hagnaður, sem skilgreindur er sem þóknanir í 2. tl. b) 14. gr. (Þóknanir)), skal því aðeins með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í aðildarríki, að eignirnar séu seldar í því aðildarríki.
8. Þrátt fyrir ákvæði 1. til 7. tl., skal viðskiptahagnað, sem móttekinn er af aðila, heimilisföstum í öðru aðildarríkinu, og sem tilheyrir fastri atvinnustöð sem þessi aðili hefur í hinu aðildarríkinu, með fara sem tekjur, er eigi uppruna sinn í síðarnefnda aðildarríkinu. Sama gildir um tekjur af fasteignum og náttúruauðæfum, svo og um ágóðahluti, vexti, þóknanir (eins og þær eru skilgreindar í 2. tl. 14. gr. (Þóknanir)) og ágóða af eignum, en þó því aðeins, að eign sú eða réttindi, sem gefa af sér þessar tekjur, ágóðahluti, vexti, þóknanir eða ágóða af eignum, sé raunverulega bundin við hina föstu atvinnustöð.
9. Uppruna annarra tekna, sem 1. til 8. tl. hér að framan taka ekki til, skal hvort aðildarríkjanna um sig ákveða í samræmi við sína eigin löggjöf. Þrátt fyrir það, sem að framan segir, geta bær

stjórnvöld í aðildarríkjunum myndað sameiginlega skilgreiningu á uppruna tekna við beitingu ákvæða samnings þessa til þess að koma í veg fyrir tvísköttun eða til að stuðla að beitingu ákvæða samnings þessa á annan hátt, ef uppruni einhverra tekna er annar samkvæmt löggjöf annars aðildarríkisins heldur en uppruni slíkra tekna samkvæmt löggjöf hins aðildarríkisins, eða ef uppruni slíkra tekna er ekki augljós samkvæmt löggjöf annars hvors aðildarríkisins.

7. gr.  
*JAFNRÉTTI.*

1. Ríkisborgari í öðru aðildarríkinu, sem er heimilisfastur í hinu aðildarríkinu, skal ekki vera háður í því aðildarríki þyngri skattlagningu en ríkisborgari þess aðildarríkis, sem er heimilisfastur þar.
2. Föst atvinnustöð, sem aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, hefur í hinu aðildarríkinu, skal í því aðildarríki ekki vera háð þyngri skattlagningu heldur en aðili, heimilisfastur þar, sem hefur með höndum sams konar starfsemi. Þetta ákævði skal þó ekki skýra þannig, að það skuldbindi aðildarríki til að veita manni, heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, nokkurn fjölskyldufrádrátt, ívilnanir, eða lækkun skatta vegna hjúskaparstéttar eða fjölskylduframfærslu, sem það veitir mönnum, sem þar eru heimilisfastir.
3. Þótt fjármagn félags í öðru aðildarríkinu sé að öllu leyti eða að hluta eign eða stjórnað, beint eða óbeint, af einum eða fleiri aðilum, heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, skal það í fyrrnefnda aðildarríkinu ekki vera háð nokkurri skattlagningu eða skyldum í því sambandi, sem er önnur eða þyngri en skattlagning og skyldur í því sambandi, sem félag í fyrrnefnda aðildarríkinu er eða gæti orðið háð vegna sams konar starfsemi, enda sé fjármagn þess að öllu leyti eign eða stjórnað af einum eða fleiri aðilum, heimilisföstum í fyrrnefnda aðildarríkinu.
4. Ákvæði 2. tl. skal ekki skýra þannig, að þau hindri Ísland í að skattleggja heildarhagnað, sem tilheyrir fastri atvinnustöð, sem félag, heimilisfastur í Bandaríkjunum, hefur á Íslandi. Fjárhæð slíks skatts skal samt sem áður ekki vera hærrí en sá skattur, sem mundi vera lagður á íslenskt félag, sem hefði sama hagnað og sem úthlutaði til hluthafa sinna sama hundraðshluta af hagnaði sínum eins og félagið í Bandaríkjunum, sem hefur hina föstu atvinnustöð, úthlutaði hluthöfum af heildarhagnaði sínum.

8. gr.  
*HAGNAÐUR AF VIÐSKIPTUM.*

1. Viðskiptahagnaður aðila, sem heimilisfastur er í öðru aðildarríkinu, skal undanþeginn skatti í hinu aðildarríkinu, nema slíkur aðili reki viðskipti í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef aðillinn rekur slík viðskipti, má síðarnefnda aðildarríkið leggja skatt á viðskiptahagnað hans, en aðeins að svo miklu leyti, sem hagnaðurinn tilheyrir hinni föstu atvinnustöð.
2. Þegar aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, rekur viðskipti í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar, skal hvort aðildarríkið um sig telja föstu atvinnustöðinni til tekna þann viðskiptahagnað, sem tilheyrir myndi slíkra fastri atvinnustöð, ef hún væri sjálfstæð stofnun, sem fengist við sams konar eða svipaða starfsemi undir sams konar eða svipuðum skilyrðum, og kæmi sjálfstætt fram í skiptum við þann aðila, sem rekur hina föstu atvinnustöð.
3. Við ákvörðun viðskiptahagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt þau útgjöld, sem innan sanngjarnra marka eru tengd slíkum hagnaði, þar með talinn kostnaður við framkvæmdastjórn og venjulegur stjórnunarkostnaður, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki, þar sem fasta atvinnustöðin er, eða annars staðar.
4. Enginn hagnaður skal talinn tilheyrir fastri atvinnustöð, sem aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, hefur í hinu aðildarríkinu, eingöngu vegna vörukaupa hennar eða þess aðilja, sem hana á, fyrir eigin reikning.
5. Hugtakið "viðskipti" tekur til hvers konar iðnrekstrar, verslunar, váttrygginga, landbúnaðar, fiskveiða eða námugraftrar, rekstrar skipa og loftfara, öflunar þjónustu, lausafjárleigu og leigu eða leyfis til að nota kvikmyndir eða myndir eða segulbönd til nota við hljóðvarps- eða sjónvarpsútsendingar. Hugtakið tekur þó ekki til starfs manns, hvort sem hann lætur það í té sem launþegi eða sem sjálfstætt starf.
6. a) Hugtakið "viðskiptahagnaður" tekur til tekna, sem stafa af viðskiptum. Hugtakið tekur einnig til tekna af fasteignum og náttúruauðæfum, ágóðahluta, vaxta, þóknana (eins og þær eru skilgreindar í 2. tl. 14. gr. (Þóknanir) og ágóða af eignum, en þó því aðeins, að eign sú eða réttindi, sem gefa af sér þessar tekjur, ágóðahluti, vexti, þóknanir eða ágóða af eignum, sé

raunverulega bundin við hina föstu atvinnustöð, sem móttakandinn, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, hefur í hinu aðildarríkinu, hvort sem tekjurnar stafa af viðskiptum eða ekki.

b) Við ákvörðun á því, hvort eign eða réttindi sé raunverulega bundin við fasta atvinnustöð, skal þess gætt, hvort réttindin eða eignin séu notuð í eða séu til umráða við rekstur viðskipta slíkrar fastrar atvinnustöðvar og hvort starfsemi rekin af slíkri fastri atvinnustöð hefði verið verulegt atriði í myndun tekna af slíkri eign eða réttindum. Í þessu sambandi skal þess vel gætt, hvort slík eign eða réttindi eða slíkar tekjur höfðu verið bókfærðar hjá hinni föstu atvinnustöð eða ekki.

7. Þegar viðskiptahagnaður felur í sér tekjur, sem sérstaklega er fjallað um í öðrum greinum samnings þessa, skulu ákvæði þeirra greina, nema annað sé ákveðið þar, gilda framar ákvæðum þessarar greinar.

## 9. gr.

### FÖST ATVINNUSTÖÐ.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið "föst atvinnustöð" fasta atvinnustofnun, þar sem viðskipti eru rekin.

2. Hugtakið "föst atvinnustofnun" tekur til, en takmarkast þó ekki við:

a) Útibú;

b) Skrifstofu;

c) Verksmiðju;

d) Verksmiðju;

e) Vörugeymslu;

f) Námu, grjótnámu, eða annan stað, þar sem náttúruauðæfi eru nýtt; og

g) Athafnasvæði fyrir byggingaframkvæmdir, mannvirkjagerð eða til samsetningarvinnu, sem stendur yfir lengur en 12 mánuði.

3. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl., tekur föst atvinnustöð ekki til fastrar atvinnustofnunar, sem er einskorðuð við notkun til eins eða fleiri eftirtalinna hluta:

a) Til aðstöðu við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum í eigu aðila, heimilisfasts í aðildarríki;

b) Til geymslu vörubirgða í eigu aðila, heimilisfasts í aðildarríki, sem ætlaðar eru til geymslu, sýningar eða afhendingar;

c) Til geymslu vörubirgða í eigu aðila, heimilisfasts í aðildarríki, ætlaðar til vinnslu hjá öðrum aðila;

d) Fastrar atvinnustofnunar, sem ætluð er til vörukaupa eða öflunar upplýsinga fyrir aðila, heimilisfastan í aðildarríki;

e) Fastrar atvinnustofnunar, sem ætluð er til auglýsingastarfsemi, upplýsingastarfsemi, vísindarannsóknar eða svipaðrar starfsemi, sem felur í sér undirbúnings- eða aðstoðarstörf vegna aðila, heimilisfasts í aðildarríki.

f) Athafnasvæðis fyrir byggingaframkvæmdir, mannvirkjagerð eða til samsetningarvinnu, sem stendur ekki yfir lengur en 12 mánuði.

4. Aðili, sem hefur á hendi starfsemi í öðru aðildarríkinu fyrir aðila, heimilisfastan í hinu aðildarríkinu, þó að undanskildum sjálfstæðum umboðsaðila samkvæmt 5. tl., skal teljast föst atvinnustöð í fyrrnefnda aðildarríkinu, ef aðillinn hefur heimild til að gera samning fyrir hönd hins aðilans í fyrrnefnda aðildarríkinu og að jafnaði beitir þessi heimild, nema heimildin sé einskorðuð við vörukaup fyrir aðilann, sem er heimilisfastur í hinu aðildarríkinu.

5. Aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, telst ekki hafa fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu, þótt hann reki viðskipti í hinu aðildarríkinu fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem slíkur miðlari eða umboðsaðili kemur fram innan takmarka venjulegrar viðskiptastarfsemi sinnar.

6. Þótt aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, sé tengdur aðila (eins og það er skilgreint í 11. gr. (Tengdir aðilar)), heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, eða aðila, sem rekur viðskipti í hinu aðildarríkinu (hvort sem það er frá fastri atvinnustöð eða á annan hátt), skal ekki litið til þess við ákvörðun um, hvort heimilisfasti aðillinn í fyrrnefnda ríkinu hafi fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu.

7. Efni ákvæða 1. til 6. tl. skal beitt við ákvörðun þess, hvort um sé að ræða fasta atvinnustöð í ríki, öðru heldur en í öðru hvoru aðildarríkjanna, eða hvort aðili, annar heldur en aðili, heimilisfastur í öðru hvoru aðildarríkinu, hafi fasta atvinnustöð í öðru hvoru aðildarríkinu.

10. gr.

#### *SIGLINGAR OG LOFTFERÐIR.*

1. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. (Hagnaður af viðskiptum), skulu tekjur, sem aðili, heimilisfastur í Bandaríkjunum, hefur af rekstri skipa og loftfara, skráðra í Bandaríkjunum í alþjóðlegum flutningum, undanþegnar skatti á Íslandi.
2. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. (Hagnaður af viðskiptum), skulu tekjur, sem aðili, heimilisfastur á Íslandi, hefur af rekstri skipa og loftfara í alþjóðlegum flutningum, undanþegnar skatti í Bandaríkjunum.
3. Innan ákvæða þessarar greinar skal eftirfarandi teljast sem tekjur af rekstri skipa og loftfara í alþjóðlegum flutningum:
  - a) Tekjur, sem aflað er af innlendum eða erlendum farmflytjanda af leigu á skipum eða loftförum, hvort sem leigt er án áhafnar (bareboat) eða með venjulegri skips- eða lofffarsleigu (charter basis), ef slík leiga er ekki venjulegur þáttur í rekstri hans sem farmflytjanda; og
  - b) Tekjur, sem aflað er fyrir notkun eða leigu á:
    - i) Gámum,
    - ii) Tengivögnum til að flytja gáma á innanlands, og
    - iii) Öðrum skyldum útbúnaði, ef slíkar tekjur eru ekki verulegar miðað við aðrar tekjur, sem lýst er í 1. tl.

11. gr.

#### *TENGDIR AÐILAR.*

1. Þegar aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, er tengdur einhverjum öðrum aðila, og þeir semja eða ákveða skilmála innbyrðis, sem eru frábrugðnir þeim, sem vera myndu milli óháðra aðila, má við útreikning skattskyldra tekna (eða taps) og skatta, sem slíkum aðila ber að greiða, taka tillit til allra þeirra tekna, frádrátta, skattlækkana eða ívilnana, sem án slíkra samninga eða skilmála hefði verið litið til.
2. Aðili er tengdur öðrum aðila, ef annar hvor aðilinn á eða ræður yfir hinum beint eða óbeint eða, ef þriðji aðili eða aðilar eiga eða ráða yfir þeim báðum beint eða óbeint. Í þessu sambandi tekur hugtakið "yfíráð" til hvers konar yfíráða, hvort sem þau njóta réttarverndar eða ekki og hvernig sem þau eru framkvæmd eða framkvæmanleg.

12. gr.

#### *ÁGÓÐAHLUTIR.*

1. Ágóðahluti, er eiga uppruna sinn innan annars aðildarríkisins, en renna til aðila, heimilisfasts í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í báðum aðildarríkjunum.
2. Skattstigi sá, sem annað aðildarríkið beitir við skattlagningu ágóðahluta, er eiga uppruna sinn í því aðildarríki, en renna til heimilisfasts aðila í hinu aðildarríkinu, skal þó ekki vera hærri en:
  - a) 15% af þeirri vergri fjárhæð, sem raunverulega er úthlutað; eða
  - b) Þegar móttakandinn er félag, 5% af þeirri vergri fjárhæð, sem raunverulega er úthlutað, ef:
    - i) Að minnsta kosti 10% af útistandandi atkvæðisbærum hlutum þess félags, sem ágóðahlutina greiðir, voru í eigu þess félags, sem ágóðahlutina fékk, þann hluta skattárs greiðslufélagsins, sem liðinn er fram að greiðsludegi ágóðahlutina, og jafnframt í eigu þess allt næstliðið skattár (ef svo bar til), og
    - ii) Ekki meira en 25% af vergum tekjum greiðslufélagsins á slíku næstliðnu skattári (ef svo bar til) eru vextir eða ágóðahlutir (aðrir en vextir, sem aflað er af banka-, váttrygginga- eða fjármögnunarstarfsemi, ásamt ágóðahlutum eða vöxtum, mótteknum frá dótturfélögum, ef útistandandi atkvæðisbærir hlutir þeirra eru að hálfu eða meira í eigu greiðslufélagsins á þeim tíma, sem ágóðahlutirnir eða vextirnir voru mótteknir).
3. Ákvæði 2. tl. skulu ekki gilda, ef móttakandi ágóðahlutanna er aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, en hefur fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu og hlutirnir, sem ágóðahlutirnir eru

greiddir af, eru raunverulega bundnir við hina föstu atvinnustöð. Í því tilviki vísast til 8. gr. 6. tl. a) (Hagnaður af viðskiptum).

4. Ágóðahlutir, sem félag, heimilisfast í öðru aðildarríkinu, greiðir aðila, öðrum en aðila, heimilisföstum í hinu aðildarríkinu (og að því er varðar ágóðahluti greidda af íslensku félagi til aðila, annars en ríkisborgara Bandaríkjanna), skulu vera undanþegnir skatti í hinu aðildarríkinu. Þetta ákvæði gildir þó ekki, ef móttakandi ágóðahlutanna hefur fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu og hlutirnir, sem ágóðahlutirnir eru greiddir af, eru raunverulega bundnir við slíka fasta atvinnustöð.

### 13. gr. VEXTIR.

1. Vextir, er eiga uppruna sinn innan annars aðildarríkisins, en renna til aðila, heimilisfasts í hinu aðildarríkinu, skulu undanþegnir skatti í fyrrnefnda aðildarríkinu.

2. Ákvæði 1. tl. skulu ekki gilda, ef móttakandi vaxtanna er aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, en hefur fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu og skuldakrafan, sem gefur af sér vextina, er raunverulega bundin við hina föstu atvinnustöð. Í því tilviki vísast til 8. gr. 6. tl. a) (Hagnaður af viðskiptum).

3. Þegar vextir, sem aðili greiðir til annars aðila, sem honum er tengdur, eru hærri en sú fjárhæð, sem hefði verið greidd ótengdum aðila, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um þann hluta vaxtanna, sem er jafn þeim, sem hefði verið greiddur ótengdum aðila. Í slíkum tilvikum má skattleggja þá greiðslu, sem fram yfir er, í hvoru aðildarríkinu um sig samkvæmt löggjöf þess að meðtöldum ákvæðum samnings þessa, þar sem þau eiga við.

4. Hugtakið "vextir" í samningi þessum merkir tekjur af veðskuldabréfum, skuldabréfum, ríkisskuldabréfum, skuldaviðurkenningum eða öðrum skuldbindingum, hvort sem þær eru tryggðar eða ekki og hvort sem þær veita rétt til hlutdeildar í hagnaði eða ekki, og hvers konar skuldakröfum, svo og til allra annarra tekna, sem jafngilda tekjum af lánuðu fé samkvæmt skattalögum þess aðildarríkis, þar sem tekjurnar eiga uppruna sinn.

5. Vextir, sem aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, greiðir aðila öðrum en aðila, heimilisföstum í hinu aðildarríkinu (og að því er varðar vexti, greidda af íslensku félagi til aðila annars en ríkisborgara í Bandaríkjunum), skulu vera undanþegnir skatti í hinu aðildarríkinu. Þetta ákvæði gildir þó ekki, ef:

a) Með slíka vexti er farið sem tekjur, er eigi uppruna sinn í hinu aðildarríkinu samkvæmt 2. tl. 6. gr. (Uppruni tekna), eða

b) Móttakandi vaxtanna hefur fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu, og skuldakrafan, sem gefur af sér vextina, er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð.

### 14. gr. ÞÓKNANIR.

1. Þóknanir, er eiga uppruna sinn innan annars aðildarríkisins, en renna til aðila, heimilisfasts í hinu aðildarríkinu, skulu undanþegnar skatti í fyrrnefnda aðildarríkinu.

2. Hugtakið "þóknanir" í þessari grein merkir:

a) Sérhverja greiðslu, sem innt er af hendi sem endurgjald fyrir afnot eða rétt til hagnýtingar höfundarréttar á bókmennta-, lista- eða vísindasviðinu (þar með telst þó ekki höfundarréttur að kvikmyndum eða myndum eða segul-böndum, sem notuð eru við hljóðvarps- eða sjónvarpsútsendingar), einkæyfis, munsturs, líkans, áætlunar, leynilegrar framleiðsluaðferðar eða for-múlu, vörumerkis eða annarra eigna eða réttinda svipaðs eðlis, eða á þekk-ingu, reynslu eða verkþekkingu (know-how), og

b) Ágóða af sölu, eignaskiptum eða annarri ráðstöfun á sérhverjum slíkum eignum eða réttindum að því marki, er gagngjaldið, sem innt er af hendi sem endurgjald við slíka sölu, eignaskipti eða aðra ráðstöfun, er eða getur orðið tengt framleiðni, afnotum eða ráðstöfun slíkra eigna eða réttinda.

3. Ákvæði 1. tl. skulu ekki gilda, ef móttakandi þóknunarinnar er aðili, heimilis-fastur í öðru aðildarríkinu, en hefur fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu og eignin eða réttindin, sem gefa af

sér þóknunina, eru raunverulega bundin við hina föstu atvinnustöð. Í því tilviki vísast til 8. gr. 6. tl. a) (Hagnaður af viðskiptum).

4. Þegar þóknun, sem aðili greiðir til annars aðila, sem honum er tengdur, er hærri en sú fjárhæð, sem hefði verið greidd ótengdum aðila, skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um þann hluta þóknunarinnar, sem er jafn þeim, sem hefði verið greidd ótengdum aðila. Í slíkum tilvikum má skattleggja þá greiðslu, sem fram yfir er, í hvoru aðildarríkinu um sig samkvæmt löggjöf þess, að meðtöldum ákvæðum samnings þess, þar sem þau eiga við.

#### 15. gr.

##### TEKJUR AF FASTEIGNUM.

1. Tekjur af fasteignum, þar með taldar þóknanir fyrir hagnýtingu náma, grjótnáma eða annarra náttúruauðæfa, og ágóði af sölu, eignaskiptum eða annarri ráðstöfun slíkrar eignar eða á þeim réttindum, sem gefa af sér slíkar þóknanir, má skattleggja í því aðildarríki, þar sem slíkar fasteignir, námur, grjótnámur eða önnur náttúruauðæfi eru. Að því er varðar samning þennan skulu tekjur og ágóði af skipum og loffförum og vextir af skuldakröfum, tryggðum með veði í fasteignum eða tryggðum með veði í réttindum, sem gefa af sér þóknanir fyrir hagnýtingu náma, grjótnáma eða annarra náttúruauðæfa, ekki taldar sem tekjur af fasteignum.

2. Ákvæði 1. tl. skulu gilda um tekjur, sem myndast af afnotarétti, beinni hagnýtingu, leigu eða hvers konar afnotum fasteignar.

#### 16. gr.

##### ÁGÓÐI AF EIGNUM.

1. Aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, skal vera undanþeginn skatti í hinu aðildarríkinu af ágóða af sölu, eignaskiptum eða annarri ráðstöfun eigna, nema:

a) Ágóðans sé aflað af aðila, heimilisföstum í öðru aðildarríkinu, af sölu, eignaskiptum eða annarri ráðstöfun eigna, sem lýst er í 15. gr. (Tekjur af fasteignum), sem eru í hinu aðildarríkinu.

b) Móttakandi ágóðans sé aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, en hafi fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu og eignin, sem gaf af sér ágóðann, sé raunverulega bundin við hina föstu atvinnustöð, eða

c) Móttakandi ágóðans sé maður, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, og

i) Hafi í hinu aðildarríkinu fasta stofnun eitt eða fleiri tímabil, sem samtals nemi 183 dögum eða meira á skattárinu, og eignin, sem gefur af sér slíkan ágóða, sé raunverulega bundin við hina föstu stofnun, eða

ii) Dvelji í hinu aðildarríkinu í eitt eða fleiri skipti, sem samtals nemi 183 dögum eða meira á skattárinu.

2. Að því er varðar ágóða, sem lýst er í 1. tl. a), vísast til 15. gr. (Tekjur af fasteignum). Að því er varðar ágóða, sem lýst er í 1. tl. b), vísast til 8. gr. 6. tl. a) (Hagnaður af viðskiptum).

3. Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. (Hagnaður af viðskiptum) og ákvæði 1. og 2. tl. þessarar greinar, skal ágóði, sem aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, hefur af sölu, eignaskiptum eða annarri ráðstöfun skipa eða lofffara, sem rekin eru í alþjóðlegum flutningum, vera undanþeginn skatti í hinu aðildarríkinu.

#### 17. gr.

##### EIGNASKATTAR.

1. Eignir þær, sem um er fjallað í 15. gr. (Tekjur af fasteignum), má skattleggja í því aðildarríki, þar sem slíkar eignir eru.

2. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. tl. hér á eftir, má skattleggja eignir, fólgnar í öðrum eignum en þeim, sem um er fjallað í 1. tl., sem eru raunverulega bundnar við fasta atvinnustöð eða fasta stofnun aðila, sem er heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, í því aðildarríki, þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stofnunin er.

3. Skip og loffför aðila, sem er heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, og eignir, aðrar en þær, sem um er fjallað í 1. tl., sem tilheyra rekstri slíkra skipa og lofffara, skulu undanþeginn skatti í hinu aðildarríkinu.

4. Allar aðrar tegundir eigna aðila, sem er heimilisfastur í aðildarríki, sem ekki er um rætt í þessari grein, skulu undanþegnar skatti í hinu aðildarríkinu.

18. gr.  
*SJÁLFSTÆÐ STARFSEMI.*

1. Tekjur, sem maður, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, hefur af sjálfstæðu starfi, má skattleggja í því aðildarríki. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 2. tl., skulu slíkar tekjur undanþegnar skatti í hinu aðildarríkinu.
2. Tekjur, sem maður heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, hefur af sjálfstæðu starfi í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í því aðildarríki, ef:
  - a) Maðurinn dvelur í hinu aðildarríkinu í eitt eða fleiri skipti, sem samtals nema 183 dögum eða meira á skattárinu.
  - b) Maðurinn hefur fasta stofnun í hinu aðildarríkinu eitt eða fleiri tímabil, sem samtals nema 183 dögum eða meira á skattárinu, en aðeins að svo miklu leyti, sem tekjurnar tilheyra hinni föstu stofnun, eða
  - c) Maðurinn kemur fram í atvinnuskyni til skemmtunar almenningi, svo sem leikhús-, kvikmynd- eða sjónvarpslistamaður, hljómlistarmaður eða íþróttamaður og teknanna er aflað með slíku sjálfstæðu starfi, enda dvelji hann í hinu aðildarríkinu meira en 90 daga samtals á skattárinu eða tekjurnar nemi meira en 100 Bandaríkjadollurum eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum fyrir hvern þann dag, sem slíkur maður dvelur í því aðildarríki, þar sem starfið er innt af hendi, í þeim tilgangi að inna starfið af hendi.

19. gr.  
*LAUNUÐ STÖRF.*

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 21. gr. (Kennarar), 22. gr. (Námsmenn og nemar), 23. gr. (Opinbert starf) og 24. gr. (Eftirlaun og lífeyrir frá einkaaðilum), má skattleggja vinnulaun, starfslaun og svipaðar greiðslur, sem maður, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, fær fyrir vinnu sína eða starfa, sem hann innir af hendi sem launþegi, í því aðildarríki. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 2. tl., má einnig skattleggja slíkar greiðslur, er eiga uppruna sinn innan hins aðildarríkisins, í því aðildarríki.
2. Greiðslur, sem lýst er í 1. tl., sem maður, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, fær, skulu undanþegnar skatti í hinu aðildarríkinu, ef:
  - a) Hann dvelur í því aðildarríki eitt eða fleiri skipti, er nema samtals skemur en 183 dögum á skattárinu;
  - b) Hann er launþegi aðila, heimilisfasts í fyrrnefnda aðildarríkinu, er fastrar atvinnustöðvar, sem rekin er í því aðildarríki af aðila, heimilisföstum í öðru ríki heldur en því aðildarríki; og
  - c) Greiðslurnar sem slíkar eru ekki gjaldfærðar hjá fastri atvinnustöð, sem vinnuveitandinn rekur í hinu aðildarríkinu.
3. Þrátt fyrir ákvæði 2. tl., skulu greiðslur, sem maður fær fyrir vinnu sína eða starfa sem launþegi um borð í skipum eða loftförum, sem rekin eru af aðila, heimilisföstum í öðru aðildarríkinu, í alþjóðlegum flutningum eða við fiskveiðar í úthöfunum, vera undanþegnar skatti í hinu aðildarríkinu, ef maðurinn tilheyrir fastri áhöfn skipsins eða lofftarsins.

20. gr.  
*GJALD FYRIR ÖFLUN ÞJÓNUSTUSTARFSEMI.*

1. Gjald, sem aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, móttækur fyrir öflun þjónustustarfsemi eins eða fleiri annarra aðila í hinu aðildarríkinu, skal ekki teljast viðskiptahagnaður samkvæmt 8. gr. (Hagnaður af viðskiptum) að því marki, sem:
  - a) i) Aðilinn, sem þjónustan var innt af hendi fyrir, tilnefndi aðilann eða aðiljana, sem myndu inna þjónustuna af hendi, hvort sem hann hafði til þess lagalegan rétt eða ekki og hvort sem tilnefningin var formlega gerð eða ekki;
  - ii) Aðilinn, sem þjónustan var innt af hendi fyrir, hafði rétt að nefna til aðilann eða aðiljana, sem myndu inna þjónustuna af hendi; eða
  - iii) Vegna atvika og aðstæðna, tilhögun þjónustustarfseminnar leiddi raunverulega til tilnefningar aðilans eða aðiljana, sem myndu inna þjónustuna af hendi; og
- b) Aðilinn, heimilisfastur í fyrrnefnda ríkinu, greiðir endurgjald, beint eða óbeint, fyrir slíka

þjónustu, einhverjum aðila öðrum en öðrum aðila, heimilisföstum í fyrrnefnda aðildarríkinu eða heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, sem er skattskyldur af slíku endurgjaldi.

2. Ákvæði 1. tl. skulu ekki gilda um nokkurt móttekið gjald, ef sýnt er fram á það á fullnægjandi hátt að dómi bærra stjórnvalda í hinu aðildarríkinu, að því er varðar slíkt gjald, að hvorki myndun eða stofnun aðilans, heimilisfasts í fyrrnefnda aðildarríkinu (þar sem slíkur aðili er félag eða önnur stofnun) né öflun þjónustunnar fyrir tilstilli slíks aðila, hafi áhrif til verulegrar lækkunar á tekjuskatti, stríðsgóðaskatti, hátekjuskatti eða öðrum svipuðum sköttum.

#### 21. gr.

##### KENNARAR

1. Þegar aðila, heimilisföstum í öðru aðildarríkinu, er boðið af ríkisstjórn hins aðildarríkisins eða af háskóla eða annarri viðurkenndri menntastofnun í síðarnefnda aðildarríkinu að koma til þess aðildarríkis og dvelja um tímabil, sem ekki er búist við að fari fram úr tveim árum, í því skyni að stunda kennslu- eða rannsóknarstörf eða hvort tveggja við háskóla eða aðra viðurkennda menntastofnun og þessi aðili kemur til síðarnefnda aðildarríkisins fyrst og fremst í þessu skyni, skulu tekjur hans af kennslu- eða rannsóknarstörfum við slíkan háskóla eða menntastofnun undanþegnar skatti í því aðildarríki um tímabil, sem ekki fer fram úr tveim árum frá komudegi hans til þess aðildarríkis.

2. Grein þessi skal ekki gilda um tekjur af rannsóknnum, ef slíkar rannsóknir eru stundaðar fyrst og fremst í einkahagnaðarskyni fyrir ákveðna aðila, einn eða fleiri.

#### 22. gr.

##### NÁMSMENN OG NEMAR.

1. a) Maður, sem er heimilisfastur í öðru aðildarríkinu á þeim tíma, er hann tekur sér dvöl um stundarsakir í hinu aðildarríkinu og sem dvelur um stundarsakir í síðarnefnda aðildarríkinu, fyrst og fremst í þeim tilgangi:

i) Að stunda nám við háskóla eða aðra viðurkennda menntastofnun í síðarnefnda aðildarríkinu, eða

ii) Að afla sér þjálfunar, sem krafist er, til þess að hann öðlist réttindi til að stunda starfsemi eða sérfræðistörf, eða

iii) Að stunda nám eða vinna að rannsóknnum sem móttakandi styrks, aðstoðar eða verðlauna frá ríkisstofnun, trúmála-, mannúðarmála-, vísinda-, bókmennta- eða menntastofnun, skal vera undanþeginn skatti í því aðildarríki, að því er varðar fjárhæðir þær, sem lýst er í b) lið, um tímabil, sem ekki fer fram úr 5 skattárum frá komudegi hans til þess aðildarríkis.

b) Fjárhæðir þær, sem um er fjallað í a) lið, eru:

i) Gjafir erlendis frá til að standa straum af framfærslu hans, menntun, námi, rannsóknnum eða þjálfun;

ii) Styrkurinn, aðstoðin eða verðlaunin; og

iii) Tekjur af starfi, sem hann innir af hendi í síðarnefnda aðildarríkinu, sem mega ekki nema hærrí fjárhæð en tvö þúsund Bandaríkjadöllum eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum á sérhverju skattári.

2. Maður, sem er heimilisfastur í öðru aðildarríkinu á þeim tíma, er hann tekur sér dvöl um stundarsakir í hinu aðildarríkinu og sem dvelur um stundarsakir í síðarnefnda aðildarríkinu sem starfsmaður eða samkvæmt samningi við aðila, heimilisfastan í fyrrnefnda aðildarríkinu, fyrst og fremst í þeim tilgangi:

a) Að afla sér tæknilegrar, starfslegrar eða viðskiptalegrar reynslu hjá aðila, öðrum en þeim aðila, heimilisföstum í fyrrnefnda aðildarríkinu, eða öðrum en aðila tengdum þeim aðila, eða

b) Að stunda nám við háskóla eða aðra viðurkennda menntastofnun í síðarnefnda aðildarríkinu, skal vera undanþeginn skatti í því aðildarríki yfir tímabil tólf samfelldra mánaða að því er varðar tekjur hans af starfi, sem samtals mega ekki nema hærrí fjárhæð en fimm þúsund Bandaríkjadöllum eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum.

3. Maður, sem er heimilisfastur í öðru aðildarríkinu á þeim tíma, er hann tekur sér dvöl um stundarsakir í hinu aðildarríkinu og sem dvelur um stundarsakir í síðarnefnda aðildarríkinu um tímabil, sem ekki fer fram úr einu ári, sem þátttakandi í áætlun á vegum ríkisstjórnar síðarnefnda aðildarríkisins, fyrst og fremst í þeim tilgangi að öðlast þjálfun, stunda rannsóknir eða nám, skal vera undanþeginn skatti í því aðildarríki að því er varðar tekjur hans af starfi við slíka þjálfun,

rannsóknir eða nám í síðarnefnda aðildarríkinu, sem samtals mega ekki nema hærri fjárhæð en tíu þúsund Bandaríkjadöllum eða jafnvirði þeirra í íslenskum krónum.

4. Þær hagsbætur, sem kveðið er á um í 21. gr. (Kennarar) og í 1. tl. þessarar greinar, skulu einungis taka til þess tímabils, sem með sanngirni eða eftir venju er krafist til þess að fullnægja tilgangi heimsóknarinnar. Í því tilviki, að maður fullnægi skilyrðum til að njóta hagsbóta samkvæmt báðum ákvæðunum, skulu hagsbæturnar, sem kveðið er á um í þeim, ekki taka samtals til lengri tíma en 5 ára frá komudegi hans. Hagsbætur þær, sem kveðið er á um í 21. gr. (Kennarar), skulu ekki veitast manni fyrir nokkurt það tímabil, sem fylgir í kjölfar tímabils sem hann hefur eða hefði getað notið hagsbóta samkvæmt 1. tl. þessarar greinar.

23. gr.

#### *OPINBERT STARF.*

Vinnulaun, starfslaun og svipaðar greiðslur, þar með talin eftirlaun eða svipaðar greiðslur, sem inntar eru af hendi af eða úr opinberum sjóðum annars aðildarríkisins, opinberra stofnunar þess eða sveitarstjórnar, til ríkisborgara þess aðildarríkis, fyrir vinnu eða starf, sem hann innti af hendi sem opinbert starf fyrir það aðildarríki, opinbera stofnun þess eða sveitarstjórn, skulu undanþegnar skatti í hinu aðildarríkinu.

24. gr.

#### *EFTIRLAUN OG LÍFEYRIR*

1. Með þeim undantekningum, sem greinir í 23. gr. (Opinbert starf), skulu eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur, sem greiddar eru manni, heimilisföstum í öðru aðildarríkinu, vegna fyrri starfa hans, einungis skattleggjast í því aðildarríki.
2. Framfærslueyrir og lífeyrir, greiddur til einstaklings, heimilisfasts í öðru aðildarríkinu, skal einungis skattleggjast í því aðildarríki.
3. Hugtakið "eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur", eins og það er notað í þessari grein, merkir tímabilsgreiðslur, greiddar manni, eftir að hann lætur af starfi eða eftir andlát hans, vegna starfa, sem hann hafði innt af hendi, eða bætur fyrir líkamstjón, sem hann hefur orðið fyrir í sambandi við fyrri starf.
4. Hugtakið "lífeyrir", eins og það er notað í þessari grein, merkir tiltekna fjár-hæð, sem greidd er manni með vissu millibili á tilteknum tímum ú lífanda lífi eða í tiltekinn árafjölda, samkvæmt skuldbindingu um að inna þessar greiðslur af hendi gegn fullnægjandi eða fullu endurgjaldi (öðru en störfum, sem innt hafa verið af hendi).
5. Hugtakið "framfærslueyrir", eins og það er notað í þessari grein, merkir tímabilsgreiðslur, greiddar samkvæmt úrskurði um lögskilnað eða skilnað að borði og sæng eða samkvæmt sérstökum framfærslu -eða samvistaslitasamningi, sem eru skattskyldar hjá móttakanda samkvæmt löggjöf þess aðildarríkis, þar em hann er heimilisfastur.

25. gr.

#### *GREIÐSLUR ALMANNATRYGGINGA.*

Greiðslur frá almannatryggingum og eftirlaun frá öðrum opinberum aðilum, greiddar af öðru aðildarríkinu til manns, sem er heimilisfastur í hinu aðildarríkinu (eða að því er varðar slíkar greiðslur frá Íslandi til manns, sem er ríkisborgari í Bandaríkjunum), skulu einungis skattleggjast í fyrrnefnda aðildarríkinu. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki gilda um greiðslur þær, sem lýst er í 23. gr. (Opinbert starf).

26. gr.

#### *OPINBERIR STARFSMENN VIÐ SENDIRÁÐ OG RÆÐISMANNSSKRIFSTOFUR.*

Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á skattvildanir, sem opinberir starfsmenn sendiráða og ræðismannskrifstofa njóta samkvæmt almennum þjóð-réttarreglum eða í samræmi við ákvæði í sérstökum samningum.

27. gr.

#### *FJÁRFESTINGAR- EÐA HLUTAEIGNARFÉLÖG.*

Félag í öðru aðildarríkinu, sem fær ágóðahluti, vexti, þóknunir eða ágóða af eignum, er eiga uppruna sinn í hinu aðildarríkinu, skal ekki eiga rétt til hagsbóta samkvæmt 12. gr. (Ágóðahlutir),

13. gr. (Vextir), 14. gr. (Þóknanir) eða 16. gr. (Ágóði af eignum), ef:

- a) Samkvæmt sérstökum ákvæðum, skattur, lagður á slíkt félag af fyrrnefnda aðildarríkinu, að því er varðar slíka ágóðahluti, vexti, þóknanir eða ágóða af eignum, er verulega lægri heldur en sá skattur, sem almennt er lagður á hagnað félaga af þessu aðildarríki, og
- b) Tuttugu og fimm hundraðshlutar eða meira af fjármagni slíks félags er sam-kvæmt skráningu eða er á annan hátt ákvarðað að vera, eftir að bær stjórn-völd aðildarríkjanna hafa ráðgast sín á milli þar um, beint eða óbeint eign eins eða fleiri aðila, sem ekki eru menn, heimilisfastir í fyrrnefnda aðildarríkinu (eða að því er varðar íslenskt félag, menn, sem eru ríkisborgarar Bandaríkjanna).

28. gr.

#### FRAMKVÆMD GAGNKVÆMS SAMKOMULAGS.

1. Þegar aðili, heimilisfastur í öðru aðildarríkinu, telur, að ráðstafanir, sem gerðar eru af öðru eða báðum aðildarríkjunum, leiði til eða muni leiða til skattlagningar, að því er hann varðar, sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa, getur hann vísað málinu til bærs stjórnvalds þess aðildarríkis, þar sem hann er heimilisfastur, án tillits til þeirrar réttarverndar, sem kann að vera heimiluð í löggjöf aðildarríkjanna. Ef hið bæra stjórnvald í því aðildarríki, þar sem krafan er gerð, telur, að mótmælin séu á rökum reist, skal það reyna að leysa málið með samkomulagi við bær stjórnvöld í hinu aðildarríkinu, í því skyni að komast hjá skattlagningu, sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi beitingu ákvæða samnings þessa. Sérstaklega geta bær stjórnvöld aðildarríkjanna ákveðið sín á milli um:

- a) Samræmda skiptingu á viðskiptahagnaði milli aðila, heimilisfasts í öðru aðildarríkinu, og fastrar atvinnustöðvar hans í hinu aðildarríkinu;
- b) Samræmda áætlun um skiptingu á tekjum, frádrætti, skattlækkun eða ívilnun milli aðila, heimilisfasts í öðru aðildarríkinu, og sérhvers tengds aðila;
- c) Samræmda ákvörðun um uppruna sérstakra tegunda tekna; eða
- d) Samræmd bókhalds- og reikningsskil tekna og frádráttar.

3. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að gera samkomulag í samræmi við það, sem um er rætt í þessari grein. Einnig geta þau haldið fundi, þegar það virðist æskilegt, að fram fari munnlegar umræður í þeim tilgangi að ná samkomulagi.

4. Í því tilviki, að bær stjórnvöld komist að samkomulagi, skulu aðildarríkin leggja skatta á tekjur og heimila endurgreiðslu eða skattlækkun í samræmi við samkomulagið.

29. gr.

#### SKIPTI Á UPPLÝSINGUM.

1. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum, sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar á ákvæðum samnings þessa og innlendar löggjafar aðildarríkjanna varðandi skatta, sem ákvæði samnings þessa taka til. Allar upplýsingar, sem þannig er skipst á, skal með fara sem trúnaðarmál og ekki gera kunnar öðrum aðilum en þeim (þar með taldir dómstólar og stjórnvöld), sem hafa með höndum ákvörðun, innheimtu, lögtök eða ákærvald að því er varðar þá skatta, sem samningur þessi fjallar um.

2. Ákvæði 1. tl. skal í engu tilviki skýra þannig, að þau leggi á annað hvort aðildarríkjanna skyldu til:

- a) Að framkvæma stjórnarráðstafanir, sem víkja frá löggjöf eða stjórnvænju þess aðildarríkis eða hins aðildarríkisins;
- b) Að láta í té gögn, sem ekki er unnt að afla samkvæmt löggjöf eða eðlilegri stjórnvænju þess aðildarríkis eða hins aðildarríkisins; eða
- c) Að láta í té upplýsingar, sem myndu ljósra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði atvinnumála, viðskipta, iðnaðar, verslunar eða annarrar starfsemi, svo og upplýsingar, sem gagnstætt er almenningshagsmunum að gefa.

3. Skipti á upplýsingum skulu annaðhvort fara fram samkvæmt fastri venju eða að beiðni í hverju einstöku tilviki. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum geta komið sér saman um skrá yfir þær upplýsingar, sem láta skal í té samkvæmt fastri venju.

4. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu tilkynna hvort öðru um breytingar á lögum um skatta þá, sem vísað er til í 1. tl. 1. gr. (Skattar, sem samningurinn tekur til), og um gildistöku sérhverra skatta, sem um er rætt í 2. tl. 1. gr. (Skattar, sem samningurinn tekur til), með því að senda orðalag slíkra breytinga eða nýrra laga að minnsta kosti einu sinni á ári.

5. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu tilkynna hvort öðru um útgáfu hvors aðildarríkisins um sig á sérhverju því efni, sem varðar framkvæmd samnings þessa, hvort sem það er í formi reglugerða, úrskurða eða dóma, og senda orðalag slíks efnis að minnsta kosti einu sinni á ári.

#### 30. gr.

##### *AÐSTOÐ VIÐ INNHEIMTU.*

1. Hvort aðildarríkið um sig skal reyna, svo sem unnt er, að innheimta fyrir hönd hins aðildarríkisins þá skatta, sem síðarnefnda aðildarríkið leggur á til þess að koma í veg fyrir, að sérhver undanþága eða beiting lægri skattstiga, sem veitt er af því aðildarríki í samræmi við samning þennan, falli ekki í hlut aðila, sem ekki eiga rétt til þessara hagsbóta. Bær stjórnvöld aðildarríkjanna geta ráðfært sig hvort við annað í þeim tilgangi að hrinda ákvæðum þessarar greinar í framkvæmd.

2. Þessa grein skal í engu tilviki skýra þannig, að hún leggi á aðildarríki skyldu til að framkvæma stjórnvaldaráðstafanir, sem brjóta í bága við reglur og venjur annars hvors aðildarríkisins eða myndu brjóta í bága við fullveldi, öryggi eða almenningshagsmuni fyrrnefnda aðildarríkisins.

#### 31. gr.

##### *GILDISTAKA.*

Samning þennan skal fullgilda og skipst skal á fullgildingarskjölum í Washington DC svo fljótt sem kostur er. Samningurinn skal taka gildi einum mánuði eftir þann dag, sem skiptst hefur verið á fullgildingarskjölum. Ákvæði samningsins skulu í fyrsta sinn koma til framkvæmda að því er varðar tekur og eignir þeirra almanaksára eða skattára, sem hefjast (eða að því er varðar staðgreiðsluskatta, miðað við greiðsludag) 1. janúar eða síðar á því ári, sem fylgir næst á eftir því ári, sem á var skipst fullgildingarskjölum.

#### 32. gr.

##### *UPPSÖGN.*

1. Samningur þessi skal gilda þar til honum verður sagt upp af öðru hvoru aðildarríkinu. Hvort aðildarríkjanna um sig getur sagt samningnum upp, hvenær sem er að liðnum fimm árum frá þeim degi, sem hann tók gildi, enda sé uppsögn tilkynnt eftir diplomatiskum leiðum með sex mánaða fyrirvara. Í slíku tilviki skal samningurinn hætta að koma til framkvæmda að því er varðar tekjur og eignir almanaksára eða skattára, sem hefjast (eða að því er varðar staðgreiðsluskatta, miðað við greiðsludag) 1. janúar eða síðar næst á eftir lokum sex mánaða tímabilsins.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl., getur hvort aðildarríkjanna um sig, að undangenginni tilkynningu þar um eftir diplomatiskum leiðum, sagt upp ákvæðum 25. gr. (Greiðslur almannatrygginga), hvenær sem er eftir gildistöku samnings þessa.

#### 33. gr.

##### *LANDFRÆÐILEG RÝMKUN.*

1. Hvenær sem er á gildistíma samnings þessa, getur hvort aðildarríkjanna um sig, með skriflegri tilkynningu, sendri hinu aðildarríkinu eftir diplomatiskum leiðum, lýst yfir ósk sinni þess efnis. að framkvæmd samnings þessa skuli annaðhvort að fullu eða að hluta eða með þeim breytingum, sem teljast nauðsynlegar til sérstæðrar beitingar hans í sérstöku tilviki, taka til allra eða einhvers þeirra land-svæða (sem samningur þessi tekur annars ekki til), þar sem það ber ábyrgð á alþjóðlegum samskiptum og þar sem á eru lagðir skattar, sem eru í meginatriðum hliðstæðir þeim sköttum, sem samningur þessi tekur til. Þegar hitt aðildarríkið hefur tilkynnt fyrrnefnda aðildarríkinu, með skriflegri staðfestingu eftir diplomatiskum leiðum, að tilkynning þess sé samþykkt að því er varði eitt eða fleiri slík landsvæði og tilkynningin og staðfestingin hafa verið fullgildar og skiptst hefur verið á fullgildingarskjölum, skal samningur þessi að fullu eða að hluta

eða með þeim breytingum, sem teljast nauðsynlegar til sérstæðar beitingar hans í sérstöku tilviki, allt eftir því sem nánar var kveðið á um í tilkynningunni, taka til þess landsvæðis eða landsvæða, sem tilgreind eru í tilkynningunni, og skal taka gildi og koma til framkvæmda á og á eftir þeim degi eða dögum, sem kveðið er á um í tilkynningunni. Engin ákvæði samnings þessa skulu taka til nokkurs slíks land-svæðis, ef ekki liggur fyrir slíkt samþykki og skipst hefur verið á fullgildingar-skjölum varðandi það landsvæði.

2. Hvenær sem er eftir gildistöku rýmkunar samkvæmt 1. tl., getur hvort aðild-arríkjanna um sig, eftir að hafa tilkynnt hinu aðildarríkinu uppsögn eftir diplo-matiskum leiðum með sex mánaða fyrirvara, hætt að beita samningnum á hverju því landsvæði, sem hann hefur tekið til, vegna rýmkunar samkvæmt 1. tl. Í því til-viki skal samningnum ekki lengur beitt og hann falla úr gildi og framkvæmd á þeim 1. janúar eða síðar, sem fylgir næst á eftir lokum þriggja mánaða tímabilis-ins, að því er varðar það eða þau landsvæði, sem nefnd eru í uppsögninni, án þess að það hafi nokkur áhrif á áframhaldandi beitingu samningsins að því er varðar Bandaríkin, Ísland eða sérhvert annað það landsvæði, sem samningurinn hefur tekið til, vegna rýmkunar samkvæmt 1. tl.

3. Þegar samningi þessum er beitt á einhverju því landsvæði, sem hann tekur til, vegna rýmkunar, tilkynntrar af hálfu Íslands eða Bandaríkjanna, skal tilvitnun til "Íslands" eða "Bandaríkjanna", eftir því sem við á í hverju tilviki, merkja, að átt sé við það landsvæði.

4. Uppsögn samnings þessa af hálfu Íslands eða Bandaríkjanna samkvæmt ákvæðum 32. gr. (Uppsögn) skal, svo fremi að bæði aðildarríkin hafi ekki samið fortakslaust um annað, gilda sem uppsögn samningsins á hverju því landsvæði, sem hann hefur tekið til samkvæmt þessari grein, vegna rýmkunar af hálfu Íslands eða Bandaríkjanna.

Gert í Reykjavík í tveim eintökum á íslensku og ensku og skulu báðir textar vera jafngildir, hinn 7. dag maí-mánaðar 1975

Fyrir hönd Lýðveldisins Íslands  
Einar Ágústsson

Fyrir hönd Bandaríkjna Ameríku  
Frederick Irving